

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2011**

2011/EES/54/31

frá 1. júlí 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1097/2010 frá 26. nóvember 2010 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 192/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„4bb. **32010 R 1097**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1097/2010 frá 26. nóvember 2010 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka (Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1097/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 43, 28.7.2011, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2010, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.